

Leit í Gegni – efnisorð

Það skiptir miklu máli við alla leit á Netinu að þrengja leitina sem mest. Ef leita á að efni um norræna goðafræði er best að afmarka leitina vel. Nú skaltu athuga svörin sem birtast við mismunandi leit.

Skrifaðu orðið (hugtakið) „goðafræði“ í **orðaleitina** á gegnir.is

Hve mörg svör koma upp? _____

Ef leitin er afmörkuð við „norræna goðafræði“ hvað koma þá mörg svör? _____

Það er líka hægt að sjá alla titla sem til eru með flokksnúmerið 293 sem er norræn goðafræði. Einfaldast er að byrja á að velja safnið í þínum skóla.

1. Veldu safn
2. Farðu í ítarlega leit
3. Veldu Dewey í leitar sviði
4. Skráðu flokksnúmerið
5. Veldu tvær skáldsögur og tvö fræðirit

Það er líka hægt að leita eftir flokkstölunni. Flokkstala fyrir norræna goðafræði er **293**. Farðu í ítarleg leit.